

**M-82/2016. Álit 19. maí 2017.**

## **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 19. maí 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-82/2016.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 26. september 2016 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna uppgjörs í tengslum við riftun á bílasamningi milli álitsbeiðanda og Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst leiðréttigar á uppgjöri.

### **II**

#### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar eftir lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar geta aðilar kaupa sem greinir á um réttindi og skyldur sínar samkvæmt lögum þessum snúið sér til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaup og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

Ágreiningur aðila snýr að því hvernig gera eigi upp bílasamning sem var rift. Er því fremur um að ræða ágreining um láanasamning við fjármálafyrirtæki, fremur en um ágreining á grundvelli laga um lausafjárkaup, þjónustukaup eða neytendakaup, en valdsvið kærunefndarinnar er takmarkað við ágreining samkvæmt þeim lögum. Af þessu leiðir að kærunefndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kærunefndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér. Er rétt að benda álitsbeiðanda á að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fjallar um ágreining einstaklinga við fjármálafyrirtæki.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er suð að á tímabilinu frá janúar og fram í apríl 2017 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð.

### **III**

#### **Álitsorð**

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður